


Heilög Messa og krossfórmin

31. Tími



Tilgangur:

Í messunni er minnst dauða og upprisu Jesú. Jesús fórnar sér Guði föður, okkar vegna.


Hvað gerist í messunni?

Í messunni færum við sömu fórn og Jesús færði fyrir syndir okkar. Það er fórnin sem Jesús færði föðurnum þegar hann dó á krossinum.

Fórn þýðir að gefa Guði fullkomlega eitthvað sem er okkur kært.

Jesús gaf sig Guði föðurnum fyrir okkur.

Þetta er fórnin sem við færum **í hverri messu**.



Við fögnum líka upprisunni. Þess vegna förum við í messu á sunnudögum, því Jesús reis upp frá dauðum á sunnudegi.

Hver sunnudagur eru „litlir páskar“. Þetta er hátíð sem við fögnum í sameiningu og þess vegna komum við öll saman á sunnudögum.

Hvers vegna förum við í Heilaga messu?

Við förum að lofa Guð okkar, sem er mikill og góður.

Við förum til að segja „þakka þér“ við Guð fyrir allt hið góða sem hann hefur gefið okkur.

Í messunni segjum við Guði að við iðrumst synda okkar og við biðjum um hjálp hans til þess að verða betri manneskjur.

Við biðjum líka fyrir því sem við þurfum og fyrir þörfum annarra.

Ef við hlustum vel á messuna og förum með bænir mun Guð gefa okkur náð sína og blessun.

Að taka þáttur í messunni mun hjálpa þér að undirbúa þig fyrir fyrstu altarisgönguna.

1. Hugsið um allt sem Guð gaf ykkur í þessari viku og skrifið það niður, til þess að þakka honum.

2. Syngjum saman:

Þakkir fyrir hvern fagran morgun,
þakkir, fyrir hvern nýjan dag.
Þakkir, þú vilt mér lýsa,
leiða lífs um æviveg.

Þakkir, þú gefur góðan vini.
Þakkir, Guð elskar sérhvern mann.
Þakkir, að ég get endurgoldið
og elsku veitt í mót.

Þakkir, jafnt fyrir grát og gleði,
þakkir, þú gefur styrk og þor.
Þakkir, þú sorgir berð á burt
og bætir angur allt.

Drottinn, náð þín er veitt án enda,
Drottinn, ávallt ég treysti þér.
Drottinn, ó, Drottinn þér ég þakka
að ég þakka kann

(Kristján Valur Ingólfsson)

3. Litið myndina fyrir neðan

